



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

13. desember 2012

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.) – Þskj. 602 – 468. mál.

PwC vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. gr.

PwC tekur ekki efnislega afstöðu til þeirra breytinga á virðisaukaskattslögunum sem hér eru lagðar til. Hins vegar er rétt að benda á að með því að búa til enn eitt skattþrep í virðisaukaskatti er verið að hækka flækjustig laganna. Slík breyting kallar á miklar og kostnaðarsamar tæknilegar breytingar, svo sem á viðeigandi eyðublöðum.

4. gr. og 10. gr.

Þegar ákveðið var á sínum tíma að byrja að skattleggja erlenda aðila af vaxtatekjum sem stafa frá Íslandi gerði PwC athugasemdir við þá fyrirætlan. Var bæði bent á það að slík skattlagning væri í ósamræmi við framkvæmdina hjá mörgum nágranalöndum okkar en ekki síður hitt að það yrðu á endanum íslenskir lántakendur sem þyrftu að bera þessar álögur. Í ljósi þessara athugasemda gerir PwC ekki efnilegar athugasemdir við þær breytingar sem frumvarpið boðar.

Ástæða þykir samt sem áður til að gera athugasemd við þann hringlandahátt sem hafður hefur verið á við skattlagningu vaxtatekna sem erlendir aðilar hafa hér á landi undanfarin ár. Frá miðju ári 2009 þegar þessi skattlagning var innleidd hefur skatthlutfallið breyst nokkrum sinnum, nú síðast um áramótin 2011/2012 þegar það var lækkað í 10% fyrir bæði einstaklinga og lögaðila úr 18% skatti fyrir lögaðila og 20% skatti fyrir einstaklinga.

Með frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að skattlagning erlendra aðila sem sæta takmarkaðri skattskyldu hér á landi verði hagað með ólíkum hætti og gildir um innlenda aðila hvað varðar tekjur af afleiðusamningum. Lagt er til að erlendir aðilar beri ekki skatt af vaxtaskiptasamningum og er það væntanlega vegna þess að verið er að afnema skattskyldu þessara aðila af vaxtatekjum eins og að framan getur. Tekjur af öðrum afleiðusamningum skattleggjast hjá erlendum aðilum með sama hætti og arðstekjur og söluhagnaður af hlutabréfum og sæta því afdrætti staðgreiðslu eins og gildir um þessar tekjur án nokkurs frádráttar, enda er ekki lögð til nein breyting á 2. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

5. - 7. gr.

Lagðar eru til breytingar á skattlagningu afleiðusamninga. Að mati PwC hefði verið rétt að gæta samræmis í skattlagningu tekna af afleiðusamningum í stað þess að fara þá leið að skilgreina tekjur með þrenns konar hætti, þ.e. sem vexti, söluhagnað af hlutabréfum og almennan söluhagnað. Lagatæknilega hefur þetta í för með

sér að lögin eru óaðgengileg og flókin. Það að hagnaður af vaxtaskiptasamningum mun sæta skattlagningu eins og vextir gerir það að verkum að ákveðin vandkvæði sem hafa verið viðvarandi í tengslum við staðgreiðslu skatta af afleiðutekjum er enn til staðar. Að okkar mati hefði verið eðlilegt að skilgreina allan hagnað af afleiðuviðskiptum sem söluhagnað eins og lagt er til í 6. gr. frumvarpsins í stað þess að tengja skilgreininguna við undirliggjandi verðmæti að takmörkuðu leyti.

7. - 8. gr.

Hér verður í fyrsta lagi að gera alvarlega athugasemd varðandi þann hringlandahátt sem kristallast í þeirri tillögum sem fram kemur í þessum greinum frumvarpsins. Nú er lagt til að setja inn í lögin á ný efnislega sömu ákvæði og innleidd voru með lögum nr. 38/2008 en síðan felld úr gildi með lögum nr. 128/2009.

Þá þykir einnig ástæða til að gera athugasemd við það að gerður sé greinarmunur á skattalegri meðferð afleiðusamninga eftir því hvort afleiðan sem slík er skráð í kaupöll eða ekki. Engin fræðileg rök standa til þeirrar niðurstöðu. Tekjur af afleiðusamningum þar sem undirliggjandi verðmæti eru hlutabréf eru nákvæmlega sambærilegar hvort heldur um er að ræða afleiðusamning skráðan í kauphöll eða annan sem er utan skráningar. Í báðum tilvikunum ræðast hagnaður eða tap af þróun undirliggjandi hlutabréfa en í hvorugu tilvikinu er um raunveruleg viðskipti með hin undirliggjandi verðmæti að ræða.

14. gr.

Með hliðsjón af tilgangi ákvæðisins, þ.e. að styrkja fyrirtæki sem senda starfsmenn sína sem starfa á erlendum vettvangi fyrir íslensk fyrirtæki, hefði verið rétt að gera þetta ákvæði að almennu lagaákvæði í stað þess að leggja það fram sem bráðabirgðaákvæði. Gert er ráð fyrir því í tillögum frumvarpsins að ráðherra skuli setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins með reglugerð og það er alkunna að slík vinna tekur tíma og með hliðsjón af gildistíma sem lagður er til virðist ólíklegt að það náist að útbúa reglugerðina í tæka tíð. Að mati PwC hefði verið ráð að gera tillögu um ítarlegt og skýrt lagaákvæði í stað þeirrar leiðar sem hér er farin.

Varðandi efnisinntak bráðabirgðaákvæðis þess sem hér er lagt fram vekur það fyrst athygli hversu óskýrt það. Það tekur mikinn tíma að skilja hvað átt er við og hvert markmið ákvæðisins er. Það virðist vera svo að hér sé verið að tryggja að þeir Íslendingar sem eru sendir út á vegum íslensks vinnuveitanda greiði ekki skatta hér ef þeir dvelja ytra samfelld í sex mánuði eða lengur og bera skatt af tekjum sínum í því ríki þar sem þeir inna vinnuna af hendi. Vissulega er hægt að taka undir að ákveðin vandkvæði hafa verið fólgin í því að veita ráðgjöf til aðila sem fara tímabundið til starfa á erlendri grund, þ.e. einstaklinga sem ætla ekki að flytjast búferlum heldur fara í takmarkaðan tíma og líta á sig sem íslenska skattþegna er eru í raun einnig orðnir erlendir skattþegnar um leið og vinna er innt af hendi í örðu ríki. Að öllu jöfnu myndu tvísköttunarsamningar tryggja að slíkir aðilar væru ekki skattskyldir af þessum tekjum hér á landi, en heimilt væri að taka tekjur inn í útreikning íslenskra skatta. Eins og ákvæðið hljóðar í frumvarpi þessu virðist vera stefnt að því að koma í veg fyrir að íslenska ríkið eign sér nokkurn rétt til skattlagningar þegar svo ber við að hinn útsendi starfsmaður vinnur í ríki sem hefur lægri skatta en Ísland. Að mati PwC er ekki alveg ljóst hvort það hagræði sem stefnt er að (ef rétt er skilið) komi nægilega skýrt fram í orðalagi ákvæðisins. Betra hefði verið að nota orðalag í almennum athugasemdum við frumvarpið þar sem segir að hér sé „lagt til að tekin verði upp tímabundin heimild til þess að undanþiggja laun útsendra starfsmanna skattlagningu hér á landi.“



Aðrar athugasemdir

Til viðbótar við athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir vill PwC koma á framfæri athugasemdum varðandi það sem vantar í frumvarpið að mati PwC.

Framlengja þarf gildistíma tiltekinna bráðabirgðaákvæða


PwC telur ástæðu til að beina því til Alþingis að kanna gaumgæfilega hvort ekki sé ástæða til að framlengja gildistíma þeirra bráðabirgðaákvæða við tekjuskattslögin sem fela í sér ívilnandi reglur í tilviki skuldaeftirgjafa. Nánar tiltekið er um að ræða ákvæði í ákvæðum til bráðabirgða XXXVI, XXXVII, XLIV. Að mati PwC er ekki búið að ljúka afgreiðslu allra mála einstaklinga og lögaðila sem hafa þurft einhvers konar aðstoð við fjárhagslega endurskipulagningu. Ótæk er sú niðurstaða að þessir aðilar verði verr staddir skattalega en hinir sem fengu afgreiðslu sinna mála meðan ákvæði bráðabirgðaákvæðanna voru enn í gildi.

Nauðsynlegt að útvíkka gildissvið 9. tl. 31. gr. tekjuskattslaga

1.málsliður 9. töluliðar 31. gr. hljóðar svo: „Þá fjárhæð sem hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og félög og samlög sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. hafa fengið greidda í arð skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. af hlutum og hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.“

Feitletraði hlutinn sem auðkenndur er af PwC kom inn í lögum með lögum nr. 166/2007. Tilgangurinn var að koma í veg fyrir að frádráttur yrði veittur á móti svokölluðum „dulnum arðgreiðslum“. Út af fyrir sig var sá tilgangur skiljanlegur. Leiðin sem var valin, þ.e. að afmarka frádráttinn á svo afdráttarlausan máta við arðgreiðslur skv. XII kafla laga um hlutafélög og einkahlutafélög hefur hins vegar í för með sér óheppilega og órökrétta niðurstöðu, sé horft til samhengis ákvæða í tekjuskattslögunum. PwC bendir á að við lækkun á hlutafé og útgreiðslu til hluthafa þá leiðir af skilgreiningu arðshugtaksins í 11. gr. tekjuskattslaganna að þeir fjármunir sem renna til hluthafanna umfram kaupverð viðkomandi eignarhluta telst arður í skattalegu tilliti. Í því ljósi væri rökrétt að frádráttur 9. tölul. 31. gr. heimilaðist líka á móti slíkum arðstekjum. Hafa verður í huga að þar sem hér er aðeins verið að tala um þann hluta greiðslunnar til hluthafa sem er umfram nafnverðslækkun hlutafjár þá er í raun um að ræða sömu fjármuni og félagið gæti alla jafnan úthlutað í formi arðs. Í því ljósi og þar sem þessi hluti er líka skilgreindur sem arður í skattalegu tilliti þá er óeðlilegt að ekki sé heimilaður frádráttur á móti þessum tekjum líkt og á móti „venjulegum“ arðgreiðslum. Tekið skal fram að með því að orða ákvæðið er eftir sem áður hægt að koma í veg fyrir að „duldar arðgreiðslur“ falli undir ákvæðið.

Virðingarfyllt,
PricewaterhouseCoopers ehf.


Friðgeir Sigurðsson
lögfr.


Ásta Kristjánsdóttir
lögfr.